# Heimskringla

kemr út á Laugardögum.

The Heimskringla Ptg. & Publ. Co.
útgefendr. [Publishers.]

Ritstjórinn geymir ekki greinar, sem eigi verða uppteknar, og endrsendir þær eigi nema frímerki fyrir endrsendingu fylgi. Ritstjórinn svarar engum bréfum ritstjórn viðkomandi, nema í blaðinu. Nafnlausum bréfum er enginn gaumr gefinn. Eu ritstj. svarar höfundi undir merki eða bókstöfum, ef höf. tilteu. slíkt merki.

Uppsögnógild að lögum, nema kaupandi sé alveg skuldlaus við blaðið.

Ritsjóri (Editor):
EGGERT JÓHANNSSON.

Ráðsmaðr (Busin. Manager):
EINAR ÓLAFSSON.

OFFICE:
Cor. Ross Ave. & Nena Str.
P. O. BOX 305.


## Akuryrkja í skólunum.

Eftir allmikið stapp og árlangan umhugsunartíma, er nú svo langt komið, að jarðyrkja og landbúnaðr er viðtekinn sem almenn námsgrein í alþýðuskólum í Manitoba.

Á síðasta fundi kennslumálaráðsins, 30. Nóv., var samþykt tillagan um að fyrirskipa þá tilsögn í öllum alþýðuskólunum. Er svo til ætlast, að í vetur og á næsta sumri veitist kennurunum kostur á að stúdéra þessa nýju námsgrein og búa sig undir að kenna hana. Til að byrja með verðr þess vegna námsgreinin kend á kennaraskólunum, en þeirrar tilsagnar geta ekki notið nema þeir kennarar, sem hafa skólafrí í það og það skifti. En svo er ætlast til, að kennarafélagið veiti þeim kennurum hina nauðsynlegu tilsögn, sem í vetur og vor ekki geta gengið á kennaraskólanu sökum annríkis. Að undanförnu hefir kennarafélagið haft nokkra fundi á ýmsum stöðum út um fylkið til að ræða um kennslumál við kennarana og á þann hátt greiða götu þeirra kennara sem sjaldan eða aldrei geta sótt kennaraskóla. Í sumar komandi er ætlast til að þessum fundum verði fjölgað og að á þeim verði öll áherzlan lögð á upplýsingar í þessari nýju námsgrein.

Jafnframt ákvað ráðið, að stjórnin skyldi tafarlaust gefa út bækling, þar sem þessi námsgrein verðr útskýrð, og verðr það kver viðtekið sem textabók í skólunum, að því er þessa fræðigrein snertir. Námsgrein þessari verðr skipt í tvo aðalflokka, en þeim aftur í margar deildir. Ekki byrja börnin að nema jarðyrkjufræðina eða undirstöðuatriði hennar, fyr en þau eru komin í þriðju skólabók. Þau, sem í þeirri bók eru, eiga að læra þær lexíur, sem mynda I. flokk, en þau, sem eru í fjórðu bókinni, læra lexíurnar sem mynda II. flokkinn.

Í *I. flokki* verða þetta lexíurnar:

1. Um jurtalífið í Manitoba.
2. Um blóm og blómreiti.
3. Um það hvernig á að taka upp jurtir eða plöntur og varðveita frá skemdum.
4. Um það hvernig þekkja má eina blómtegund frá annari.
5. Upptalning þrjátíu algengustu jurta og plöntunartegunda og lýsing þeirra.
6. Um tíu illgresistegundir og hvernig má uppræta þær.
7. Um vilta ávexti í Manitoba.
8. Um trjátegundir í Manitoba.
9. Um trjáplöntunardaginn og þýðingu hans.

Í *II. flokki* verða þetta lexíurnar:

1. Þrjátíu einfaldar efnafræðislegar tilraunir við: lopt, vatn, trjátegundir, kol, jarðarleir (clay), sand, ösku, salt, alún, buris, og blátt og grænt *vitriol*. Til þess tilrauninnar geti átt sér stað, er ákveðið að hverju skólahúsi fylgi kassi nægilega stór og það annað, sem nauðsynlegt er. Aukakostnaður sá er metinn $4.00 fyrir hvern skóla.
2. Um jarðveg og áhrif loptslagsins.
3. Um ræktun jarðar, undirbúning landsins og plæginga, herfing, og um hvíld lands árlangt eftir að það er plægt.
4. Um framskurð votlendis og vegagerð.
5. Um að sá ekki alt af sömu korntegund í sama blett.
6. Um áburð á land.
7. Um korn og grastegundir, hveiti, bygg, hafra, o. fl., o. fl.
8. Um rótarávexti allskonar.
9. Um sjúkdóma í korntegundum og öðrum sáðtegundum, orma, eyðslujurtir (parasites), sem vaxa samhliða því, er sáð er og draga úr því þróttinn, o. fl.
10. Um lifandi þening allskonar.
11. Um stjórn á búfjörð að því er snertir meðhöndlun lifandi penings og smjör og ostagerð.
12. Um húsaskipun á búfjörð, girðingar, trjárækt o. fl.

Þrjár seinustu lexíurnar (10., 11. og 12.) er fyrirskipað að útskýra fyrir nemendunum með uppdráttum, þar eð orðmyndin ein mundi reynast ónóg.

Ef þessar greinar allar verða vel kenndar ætti þessi nýbreytni að reynast bændalýðnum gagnleg mjög þegar fram líða stundir og mikilvæg undirstöðuþekking fyrir hvern einn, sem síðar vildi fullkomna sig á búnaðarskóla.

## Armeníu-þjóðin,

sem svo mjög er talað um í seinni tíð, vegna hinna hræðilegu níðingsverka Tyrkja, er gömul, mannmörg og merkileg þjóð, þótt nú sé hún og fyrir löngu síðan brotin undir sig og sett sem þjóðarheild og skift á milli nágranna þjóðanna, Rússa, Persa og Tyrkja.

Á fyrri öldum var Armenia (sem á tungumáli Armeníu-manna heitir *Hayasdani* eða Haikh) veldugt ríki og voru þá takmörk þess: að austan Caspía-haf, að sunnan Kurdistan-fjöll, að vestan Litla-Asía og að norðan Kákasus-fjöll. Hérað þetta alt er hálent mjög, meginhluti þess um 7000 fet fyrir ofan sjávarmál og er Arárathhnjúkurinn hæzta fjallið. Margar merkar ár hafa upptök sín í þessu fjalllendi, meðal þeirra Ephrat og Tigris. Í heild sinni er héraðið "fagurt og fritt" og að auki sérlega frjósamt land og framleiðir mikið af kornmat, baðmull, tóbaki og vínberum, þrátt fyrir að akuryrkja er þar og hefir verið á lágu stigi.

Samkvæmt þeirra eigin þjóðsögum eru Armeníu-menn afkomendur Haiks, sonar Togarmah, sonar-sonar Jafets Nóasonar (Arkar Nóa). Haik þessi var neyddur til að flýja úr Assyríu undan harðstjórn Belusar, er þar var konungur og nam þá land í þessu héraði, er síðan ber nafn hans — Haikh. Þeir eiga þjóðsögusafn, er nafngreinir konunga þeirra og segir frá þeirra sífeldu styrjöldum mjög langt aftur í tímann. Er þar meðal annars greinileg frásögn af viðureign þeirra við Alexander mikla og hvernig hann yfirbugaði þá og lagði að velli hinn síðasta ríkiserfingja í merkri konungaætt árið 328 f. K. En ekki báru þeir Macedóníu-okið, sem þá var lagt á þá nema 11. ár. Brutust þá undan því og kusu sér nýjan konung, en við andlát hans, 33 árum síðar gerðust þeir skjólstæðingar Sýrlands konungs. Voru þeir svo Sýrlendingum háðir til þess 190 f. K., að Antiochus mikli varð undir í orustu við Rómverja. Það tækifæri tók þáverandi jarl Armeníu-manna, Artaxias að nafni, og auglýsti Armeníu sjálfstætt ríki. Um 40 árum síðar fengu þeir merkan konung, Valarsaces að nafni, er gerði miklar tilraunir að mennta þjóðina, byggði borgir, samdi lög og launaði öllum, sem á einhvern hátt skröruðu fram úr fjöldanum. Þótt skrikkjótt gengi stjórnin og þó ríkið sveiflaðist um tíma aðallega í hendi Rómverja, hélzt þessi konunga ætt á stólnum til þess árið 30 f. K., að Antonius hinn rómverski tók konunginn og flutti til Alexandríu á Egyptalandi. Var hann þar hálshögginn að boði Kleópötru drottningar. Frá þeim tíma til 282 e. K. skiptist þar á harðstjórn Rómverja og algert stjórnleysi. Það ár náðu Persar fyrst haldi á ríkinu, en með hjálp Rómverja náði réttur ríkiserfingi haldi á stjórninni árið 250 og máttu Persar flýja. Hann komst að því að ýmsir af þegnum hans höfðu tekið kristna trú og tók hann þegar að ofsækja þá og alla trúboða. Þó stóð það ekki lengi. Hann læknaðist af hættulegri veiki, að honum virtist á yfirnáttúrlegan hátt og þakkaði það sinum trúboðanum, er hann þá hélt í dýflissu. Tók hann þá kristna trú sjálfur og innan skamms flestir þegnar hans. Að því geðjaðist ekki Persum og hófst þá trúarstríð ægilegt, er hélzt við til þess Persar að lokum unnu sigur árið 428. Stýrðu þeir ríkinu frá þeim tíma til þess 632 og héldu uppi látlausri ofsókn gegn hinu kristna fólki. Þegar þar kom vildu fleiri en Persar eignast héraðið. Grikkir og Múhameðs-menn ásældust það og margfaldaðist þá styrjöldin, er að var sótt á alla vegu. Þó héldu Armeníu-menn sinni pólitízku tilveru sem þjóðarheild með meira og minna sjálfræði þangað til 1604, að Persar lögðu ríkið í rústir og tóku herskildi um 40,000 manns, er þeir fluttu austur í Persíu og búsettu þar. Sú kvöða varð rothögg ríkisins. Skiptu þeir Persar og Tyrkir því á milli sín og fóru með fólkið ver en þræla og gera það enn. Jafnvel Rússum ofbauð meðferðin og árið 1827 tóku þeir frá Persum spildu mikla af þeirra hluta ríkisins. Er svo sagt að aldrei fyrr en þeir urðu þegnar Rússa hafi Armeníu-menn vitað hvað friður og velsæld er. Má af því marka hvað æfi þeirra er undir stjórn hinna ríkjanna, er þeir skoða Rússland sem Paradís.

Að loknu Rússa-Tyrkja stríðinu var öflug tilraun gerð í Berlínarsamningnum 1878, að bæta kjör þessara veslinga í Tyrkjaveldi. Tyrkinn auðvitað lofaði öllu fögru, en ekkert atriði í þeim samningi hefir hann rofið jafn hlífðarlaust frá upphafi til enda, þó þetta síðasta níðingsverk hans taki öllum öðrum fram. En svo hefir enginn skift sér af því nema helzt Englendingar. Þeir hafa hvað eftir annað, síðan 1880, farið þess á leit við stórveldin, að þau tækju sig saman og heimtuðu að samningnum væri framfylgt, en til þessa hafa stórveldin neitað að vekja upp það mál. Á meðan svo er, þykjast Englendingar ekki geta að gert; sér einum sé ofvaxið að skakka leikinn.

Heiðskáir eins og Armeníumenn voru fyrrum, eru þeir nú ordnir sérlega friðelskandi, enda óhugsandi annað en mörg hundruð ára kúgun sé búin að beygja þá og lama. Síðan Berlínarsamningurinn var gerður, og af því þeir telja sér víst fylgi Englendinga og Rússa, en sjá að Tyrkir láta sig engu varða um samninginn, eru þeir þó ofurlítið að vakna. Eru þeir nú altaf smámsaman að efna til félagsskapar, er hefir fyrir markmið að brjótast undan yfirráðum Tyrkja, með öruggri hjálp stórveldanna. Jafnharðan hafa Tyrkir komist að þessari hreyfingu og gengið milli bols og höfuðs á henni, en samt lifir í glóðunum enn. Eðlilega veldur þessi hreyfing því, að kjör þeirra fara versnandi ár frá ári.

## Um smjör og ostagerð.

Grein um það efni flytjum vér í þessu blaði, eftir danskan fræðimann í þeirri grein búnaðarins, herra C. Marker, einn af formönnunum á fyrirmyndarbúinu í Ottawa. Eins og greinin ber með sér, er hún að eins upphaf málsins, en vér vonum að geta flutt mönnum framhaldið smámsaman.

Íslendingum flestum er ábótavant í þessari grein búnaðarins, enda ekki nema náttúrlegt, því þeir hafa fæstir átt kost á að sjá aðferðina við smjör og ostagerð samkvæmt nýjustu reglum. Verzlunarskýrslur og rit sýna hve áríðandi er að þessi grein búnaðarins taki stöðugum framförum, því viðskiftamenn vorir í Evrópu heimta æ betur og betur tilbúið smjör og tilbúinn ost. Að því er þennan varning snertir er Canada-ríki í fremstu röð í áliti manna á Evrópumarkaði og er í raun og veru ekki efðfrbátur nokkurs ríkis, nema ef vera kynni Danmerkur, og þá fremur í tilliti til smjörgerðar.

Ef ríkið á að halda þeirri stöðu, sem það nú hefir náð, útheimtist að bændurnir hvor í sínu lagi keppi við að ná sem hæztu stigi þekkingar í þessari grein búnaðarins. Til þess ættu þeir og að vera fúsir, því hagurinn er þeirrá. Þess betri vöru sem þeir bjóða, þess meira fá þeir fyrir hana.

Þessvegna vonum vér að þeir lesi með athygli þær greinar, sem Hkr. vonar að flytja um þetta málefni, eftir herra Marker. Þær eru ritaðar í þeim tilgangi að menn hafi ogagn af þeim, ef þeir vilja færa sér kenningu þeirra í nyt.

Þó greinarnar séu eftir canadiskan mann, koma þær löndum vorum í Bandaríkjunum alt að einu að notum, ef þeir vilja. Því kennsluaðferð á fyrirmyndarbúum og búnaðarskólum í Bandaríkjunum og Canada er, hvað smjör og ostagerð snertir að mínnsta kosti, nákvæmlega ein og hin sama.

## Um smjör og ostagerð.

Eftir C. Marker.

Smjör og ostagerð stendur til að verða aðal-tekjugrein ríkisins. Fyrst og fremst verður sú atvinna auðvitað bændalýðsins öruggasta tekjugrein, en á henni standa líka fjöldi annara stofnana og verður hún á þann hátt markverð tekjugrein ríkisheildarinnar.

Ef landbúnaðurinn á að verða arðsamur er nauðsynlegt að læra hann og hugsa um hann með sömu árvekni og eftirtekt, eins og nauðsynleg er við hvaða helzt verzlunar eða viðskifta störf sem menn vinna.

Markaðsverðið á kornmat bendir til þess, að bóndinn megi til með að taka eitthvað annað fyrir en kornyrkju, ef hann á að geta fætt og klætt sig og sitt heimilisfólk. Þessvegna er áríðandi að bændur almennt leggi sig fram til að afla sér upplýsinga um öll atriði landbúnaðarins, að stúdera út í yztu æsar alt sem lýtur að því, sem almennt er kallað "Mixed Farming," þ. e., að búa til ost og smjör, ala sláturfé, bæði sauði, svín og naut, að ala upp fugla til slátrunar og til að leggja eggjum, m. m. o. fl., auk kórn og garðyrkju. Til þess að geta leyst öll þessi störf vel af hendi, svo að alt beri ávöxt meir en kostnaði nemur, þarf bóndinn að bera skynbragð á hvernig hægt er að ala gripina kostnaðarminnst, hvernig fóður kýrnar þurfa til þess þær gefi bæði mikla mjólk og kostagóða, hvernig fóður þarf handa geldneytum, sem á að slátra, hvernig fóðr svínin þurfa, o. s. frv. Þá þarf hann og að vita hvernig þarf að fara með mjólkina til þess að hafa hennar full not. Enn fremur þarf hann að vita hvernig hægast og bezt er að umhverfa mjólkinni í arðsama verzlunarvöru.

Ég ætla að gera tilraun með að benda á undirstöðu atriðin í smjörostagerð, að því er snertir efnasamsetning í mjólkinni, hina sérlegu eiginleglika þessara efna og hvernig á að fara með þau.

*Hvað er mjólk?* Þeirri spurningu svarar Dr. Babcock þannig: "Mjólk er blendingur af smjörefni, vatni, eggjahvituefni, ostefni, mjólkursykri og málmefni."

Á að geta innihalda hver 100 pund af mjólk að meðaltali 87½ pund af vatni og 12½ pund af föstum efnum, þannig:

| | |
|---|---|
| Vatn | 87½ pd. |
| Smjör-efni eða fita | 3½ pd. |
| Ostefni | 3½ pd. |
| Eggjahvituefni | ½ pd. |
| Mjólkursykur og málmefni | 5 pd. |
| Alls. | 100 pd. |

*Smjörefnið* er mismunandi að vöxtum í mjólkinni, frá 2½ til 8 pund í 100 pundum af mjólk. Er það verðmesta efnið í mjólkinni og það efni sem allir bændur kappkosta að aðskilja sem allra bezt frá hinum efnum mjólkurinnar, ýmist með verkum þyngdarlögmálssins eins, er knýr smjörefnið (rjómann) til yfirborðsins, þegar mjólkin stendur til lengdar í trogi, eða með tilhjálp miðflótta-afls í smjörgerðar-vélinni *cream separator*.

Smjör-efnið kemur fyrir í mjólkinni í örsmáum ögnum, sem ekki eru sjáanlegar nema í sterkum stækkunargleruum. Stærð þessara agna er mismunandi, eftir því af hvaða kyni kýrin er, og stundum einnig mismunandi mjólk úr kúm af sama kyni. Til samanburðar er eftirfylgjandi kafli um eðlisþyngd mjólkur. Eðlisþyngd mjólkur er þungi hennar í samanburði við jafnan mælir af vatni. Til dæmis þegar viss mælir af vatni vegur 1000 pund, þá vegur

| | |
|---|---|
| nýmjólk á hitastiginu 60 Fahr. | 1.032 pd. |
| undanrenning " " " " | 1.036 pd. |
| smjörefni " " " | 936 pd. |

Af þessu leiðir að "rjóminn sezt ofaná" ef að mjólkin stendur í fláti (eðlisþungi), eða við snúningshreyfingu í cream separator.

*Ostefnið* í mjólkinni kemur fyrir að nokkru leyti í uppleystu ástandi og að nokkru leyti í smá-ögnum. Þess meir sem kýrin geldist, þess meira kemur fyrir af ostefninu í smá-ögnum (suspension). Af þessu leiðir, eins og auðsið er, að rjómínn aðskilst ekki eins vel á vanalegan hátt (með því að standa í láti) frá mjólk úr kúm, sem eru ordnar nærri geldar.

*Eggjahvituefnið* er í uppleystu ástandi í mjólkinni, likt og er í blóðinu. Þetta efni er hægt að aðskilja frá mjólkinni með því, að sjóða hana. Allir hafa að líkindum tekið eftir skáninni sem myndast ofan á mjólk, þegar að því er komið að hún sjóði. Skán sú er meginlega eggjahvituefni.

*Mjólkursykur* er í uppleystu ástandi í mjólkinni, en honum má ná úr henni með því að láta önnur efni hennar gufa upp. Mjólkursykur blandaður vissri bakteriu-tegund (*micro organism*) breytist í mjólkursýru og gerir mjólkina eða rjómann súrann. Þannig inniheldur nýmjólk og rjómi meira sykur en súr mjólk eða súr rjómi.

*Málmefni* í mjólkinni eru margskonar og er mjög lítið af þeim, hér um bil ¾%. Eitt af þeim efnum, sem nýlega hafa fundizt í mjólk, er *Fibrin*, tægju-efni, sem samkvæmt rannsóknum Dr. Babcocks myndast í mjólkinni, eftir að búið er að mjólka og gerir ördugt að ná smjörefninu úr mjólkinni.

Eftir að hafa stuttlega farið yfir efnasamsetning mjólkurinnar, skulum vér næst íhuga hið hversdagslega starf og aðferðir við að hagnýta hana.

## Orða-belgrinn.

[Öllum, sem sómasamlega rita, er velkomið að "leggja orð í belg;" en nafngreina verðr hver höf. sig við ritstj., þótt ekki vilji nafngreina sig í blaðinu. Engin áfellis-ummæli um einstaka menn verða tekin nema með fullu nafni undir. Ritstj. afsalar sér allri ábyrgð á skoðunum þeim, sem koma fram í þessum bálki]

## Svar til "margra kjósenda."

Einhver blessaður skýjaglópur — ég geri ráð fyrir að einn hafi ritað þótt margir hafi samþykt — hefir farið á stað í Lögbergi 27. f. m., með reidda exi yfir höfði Stefáns í Breiðuvík. Það er sem ætli hann að mola í honum hvert bein, og svo lýsir sér í greininni svo innileg ást á dúsu Greenway-stjórnarinnar, svo ákaft hatur til bryggjunnar á Hnausum, svo hjartanleg ásttil oddvitans gamla, sem launaður var af sveitarfé, og svo skringileg umhyggja fyrir velferð nýlendunnar. Hann ber á örmum sér gamla oddvitann, sem bændum var farið að leiðast að launa, af því að hann gerði ekkert, rétt eins og annan reifastranga. Hann fleygir stranganum á borðið, leysir frá reifunum og segir: sjáið, hér er nú ungínn minn! Í öllum bænum takið þið hann fyrir oddvita, hann kann að sjúga og þið getið verið vissir um að hann týnir ekki spenanum! Spyrjið Colcleugh gamla að því hvort ég segi ekki satt, hann getur sagt um það, síðan hann var á ferðinni með vegapeningana. En þið verðið að leggja honum fé til að kaupa dúsuna, og það getið þið best, með því að gera hann að oddvita. Svo getið þið hefnt ykkar með því, að þið getið verið vissir um að hann berst á móti því að nokkurntíma komi bryggja í nýlenduna.

Það er annars skrítið, að það sem Stefáni er einna mest lagt til lýta, er það, að hann hefir barist fyrir bryggju í nýlendunni. Það er auðséð, að með því á að æsa suðurbúa nýlendunnar upp á móti honum. Höf. slær því fram, að Stefán með bryggjuna í Hnausum sé þrðskuldur í vegi fyrir bryggjunni á Gimli. Til þess að fá bryggju á Gimli þurfi menn því fyrst af öllu að drepa Stefán og bryggju hans; þetta er hugsunin hjá honum. En ef að menn vilja líta á málið réttum augum, þá sjá menn að hér er öllu snúið öfugt við. Það er auðséð að maður þessi er eingöngu að berjast fyrir sjálfan sig og svo ætlar hann að villa sjónir fyrir mönnum. Hann hirðir ekkert um hag nýlendunnar, hann hirðir ekkert um meinar bryggjur, því að þegar hann telur það Stefáni til óhelgi, að hann hafi haldið fram bryggju að Hnausum, þá er hann sjálfur, þessi greinarhöf., einmitt að berjast á móti bryggjunum og vill fá fleiri til þess að ganga í flokk sinn og berjast á móti þeim líka. Því að einmitt með því að vinna fyrir bryggjuna á Hnausum hefir Stefán verið að vinna fyrir bryggjuna á Gimli. Bryggjgerðin var og er öll komin undir skýrslum verkfræðingsins, sem skóðaði og mældi bryggjustæðin. Hann sagði að á Hnausum væri aðdýpi meira en á Gimli, bryggja þyrfti þar styttri og þar af leiðandi kostnaðarminni; það væri sjálfsagt að reyna að byggja bryggjuna fyrst á þeim stað þar sem það væri léttara. Ef hún svo dygði þar, þá mundi strax byrjað á Gimli-bryggjunni. En væri ísinn svo þungur á bryggjunum, að þær stæðu hann ekki, þá væri ekkert vit að eyða fleiri þúsundum í það en þyrfti. Ég vil nú spyrja alla þá kjósendur, sem hlut eiga að máli, hvern fyrir sig, hvort þeir hefðu ekki farið alveg eins að. Ef að þeir hefðu átt að leggja fram þessa peninga og verkfræðingur hefði sagt þeim að þessi tilraun þeirra kostaði $5000 á öðrum staðnum en $10,000 á einum, ætli þeir hefðu ekki heldur kosið að hætta fyr $5000 en $15,000? Því enginn veit hvort bryggjan getur staðið eða ekki, fyr en reynt er. Þegar þá verið er að áfella Stefán fyrir þetta, þá er maður sá sem það gerir einmitt að berjast á móti bryggjunum, og þeir sem fylgja flokki hans, berjast á móti þeim líka, eins gegn bryggju á Gimli eins og gegn bryggju á Hnausum. Enda hafa sumir verið að geta þess til, að greinarhöfundurinn væri náskildur manninum, sem einu sinni vildi enga bryggju hafa á Gimli, sagði að það gagnaði ekkert byggðinni þótt bryggja kæmi þar. Og sé svo, þá er ekki furða þótt hann sé á móti þeim nú.

Það er og annað sem athugavert er við grein þessa, en það er það, að greinarhöfundurinn segir það skýlaust að fylkisstjórnin, Greenway-stjórnin góða, *hefi neitað sveitarnefndinni um styrk til vegana*, einmitt af þeirri ástæðu, að Stefán var að vinna fyrir að fá bryggju. Þetta er ljómandi skynsamlegt og ljómandi réttlátt! Það er eins og stjórnin haldi að Ný-Íslendingum muni vegna of vel ef þeir fái bæði bryggjur og styrk til vega, og greinarhöfundurinn er ófeað á sama máli. Hann samþykkir þetta svo hjartanlega, hann er svo hjartanlega ánægður með þetta, ánægður með það, að fylkisstjórnin neiti þeim um vegastyrkinn, ánægður með það að fylkisstjórnin *sviki skyldu sína*, því fylkisstjórnin er skyldug til að gera við vegina í Nýja Íslandi, hvað sem öllum flokkum líður, hvað sem skoðunum manna líður, og það er gamli kúgaði hugsunarhátturinn Íslendinga, að hugsa að þeir þurfi endilega að sleikja upp stjórnina til þess að hún geri það fyrir þá sem hún er skyldug að gera. Það er bleyði af þeim að kröfjast þess ekki sem réttar, og þeir gera sig auðvirðilega, ef þeir fara að koma fram fyrir stjórnina berhöfðaðir, skríðandi á knjánum, þar sem þeir geta krafist réttar síns. Menn geta ekki borið virðingu fyrir þeim, þeir tapa virðing unni fyrir sjálfum sér, og stjórnin — þið getið verið vissir um, að hún metur þá sem skrælingja.

En að greinarhöf., heldur þessu fram sem réttu og sjálfsögðu, sýnir einmitt að hann er á sama máli og stjórnin, hann hefir sömu hugmyndir um réttlæti og sanngirni sem hún; honum er ekki um bryggjurnar fremur en Manitoba-stjórninni; það er einhver önnur kaka, sem hann þarf að skara eldinn að.

Svo er annað í þessu. Það sýnir sig svo ljóslega í allri greininni. Hún leggur *vilja Greenway-stjórnarinnar til grundvallar fyrir því hverja kjósa skuli í sveitarnefnd*. En er nokkur meining í öðru eins? Ég held að slíkt sé varla þjóðandi öðrum en Ný-Íslendingum. Á Greenway-stjórnin virkilega að fara að ráða sveitarkosningum í Nýja Íslandi? Því þá ekki eins að stjórna búum bænda Því þá ekki eins ráða hverjar konur festa sér, hvaða mat þær skamta eða hvernig þær mjalta kussur sínar? Er það virkilega svo, að Ný-Íslendingar ætli að taka það með þökkum, með undirgefni og auðmjúkri hlýðni, að fara að gegna því, þó að fylkisstjórnin skipi þeim að kjósa þennan eða hinn? Til hvers voru þeir þá að fá sveitarstjórn, því létu þeir ekki stjórnina ráða öllum þeirra málum? Stjórnin launar Police Magistrate hjá þeim, sem allir vita. Getur hann ekki nægilega haft hendur í höfði þeirra? Þarf hann virkilega að fá oddvita og sveitarnefnd, sem hjálparmann við þessi blessuð íslenzku börn?!

Af þessu, sem að framan er sagt, geta menn séð hvort það sé fyrir velferð nýlendunnar eða heiður nýlendumanna eða einhverju öðru, sem greinhöf. er að berjast. Það liggur nærri að ætla, að hann hafi ólitið að skjólstæðingur sinn, hið nýja oddvitaefni mundi ekki þurfa alla spenana kussunnar Greenway-sku og gæti hann skotíst að einum sjálfur þegar hann væri þyrstur! En vonandi er að nýlendumenn sjái hvort hann getlar að vísa þeim og geri við í tíma, áður en hann er búinn að beizla þá til fulls.

Hann vill láta menn kjósa mann, sem sjarnan getur verið bezti drengur, en sem hefir verið kunnur að því að gera sáralítið fyrir nýlenduna, sem að minnsta kosti kostar nýlenduna þeim mun metra sem oddvitalaunin nema og sem nýlendan er tvisvar búin að láta í ljósi álit sitt um, með því að hafna honum sem oddvita.

Aftur á móti vill hann hafna Stefáni, manni, sem enginn, hvort heldur vinur eða óvinur getur neitað um framúrskarandi dugnað, og það er þó sannarlega nýtt, ef að menn ættu ekki að meta meira dugnað og framkvæmd í sveitarstjórn sem öðru, heldur en aðgerðaleysi.

NÝ-ÍSLENDINGUR.